

Skólamál	Íþróttá-, tómstunda- og félagsmál	Umhverfis- og samgöngumál	Forvarnir og fræðsla
<ul style="list-style-type: none"> * Vinnuaðstaða: Að skólar hefjist á sama tíma. Þægilegri stóla, bekkji, sófa o.fl. * Láta setja upp skólahreytibraut við fleiri skóla. * Trúnaðarmenn nemenda í öllum skólum. Auðveldar börnum og ungmennum að koma ábendingum og hugmyndum á framfæri. * Kennsla eða fræðsla í fjármálalæsi. * Kennsla eða fræðsla í t.d. fjölmenningu, skyndihjálp og táknmáli. * Meira um list- og verkgreinar. * Hafa val um skólasund á efsta stigi. Hafa kynjaskipt í sundi en ekki í íþróttum. * Fá sjálfsala í alla skóla. * Bæta aðstöðu á lóðum grunnskóla. Fleiri leiktæki og meiri afþeygingu. * Hafa val um fleiri tungumál t.d. spænsku og frönsku, skoða sem valgrein. * Nemendur fá meiri aðstoð við heimanám. * Skoða hvort allir skólar geti tekið upp „Vinnustund“ eins og Akurskóli. * Meiri afþeygingu í frímínútum og lengri frímínútum. * Meiri stuðning fyrir börn af erlendum uppruna og börn með fatlanir. Samræma aðgerðir milli skóla. * Auka þarf viðveru skólahjúkrunarfræðings í öllum skólum. * Tryggja jafnt félagslíf í öllum skólum. Félagslíf mjög misjafnt á milli skóla. * Samráð við nemendur um kennsluefni og kennsluaðferðir. * Betri matur í skólana. * Betra Wifi. 	<ul style="list-style-type: none"> * Hverfismiðstöðvar: það vantar fleiri félagsmiðstöðvar svo að aðgengi allra sé jafnt. Vantar t.d. félagsmiðstöð í Innri Njarðvík og á Ásbrú. Ekki allir sem hafa tök á því að fara í Fjörheima/88 húsið. * Fá betri kynningu á hvatagreiðslum, hvernig má nálgast þær og í hvað sé hægt að nota þær. * Hafa fleiri sameiginlega viðburði fyrir skólana, bæði úti og inni, eins og t.d. íþróttamót og gettu betur. * Hafa meiri fjölbreytileika í viðburðum. Of mikið um að það séu bara böll. * Vantar fleiri viðburði fyrir 8. - 10. bekk. * Endurskoða tímatöflur íþróttá- og tómstunda þannig að þær skarist ekki. * Skoða hvort hægt sé að auka afþeygingu fyrir börn og ungmenni um helgar, t.d. með því að hafa opna félagsmiðstöð. * Öll börn og ungmenni fái kynningu á Ungmennaráði og hlutverki þess. * Stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna í félagslífinu. * Fá betri kynningu inn í skólana á þeim íþróttum og tómstundum sem eru í boði í Reykjanesbæ. 	<ul style="list-style-type: none"> * Koma á fót nýju leiðakerfi strætisvagna með sérstöku samráði við börn og ungmenni. Strætókerfið og æfingatímar passa t.d. ekki vel saman. * Fritt í strætó fyrir börn og ungmenni, að minnsta kosti á skólatíma. * Bæta lýsingu á ýmsum svæðum, t.d. við skólalóðir og íþróttavelli. * Bæta við ruslatunnum víðsvegar um bæinn og tryggja að þær séu tæmdar oft. Laga þær tunnur sem þarfnast viðhalds. Vantar fleiri tunnur við skólalóðir. * Stuðla að litríkara umhverfi, t.d. með því að mála ruslatunnur o.fl. * Meira um gróður á opin svæði og við skólalóðir. * Bæta við fleiri hjólastigum og skapa þannig meira öryggi fyrir hjólríðafólk. * Fara út að tína rusl oft. * Laga strætóskýli sem þarfnast viðhalds. * Fá fleiri aparólur og ærslabelgi, t.d. í Innri Njarðvík og upp á Ásbrú. Ekkert almennilegt leiktæki á Ásbrú. * Vantar fleiri leiksvæði fyrir börn og ungmenni. 	<ul style="list-style-type: none"> * Auka fræðslu í skólum, t.d. kynfræðslu, fræðslu um andlega heilsu og líkamlega heilsu, ofbeldi, skaðleg áhrif vímuefna og loftslagsmál. * Fræðsla um mörk í kynlífi. * Fræða börn og ungmenni hvort sé hægt að leita sér aðstoðar vegna andlegra veikinda. Margir sem vita t.d. ekki af hjálparsíma 1717. * Að boðið verði upp á opna tíma hjá sálfræðingi og/eða félagsráðgjafa 1x-2x í viku í skólum. * Hinsegin fræðsla í alla skóla. Fá góða kynningu á Hinsegin Plútó. * Aukna kennslu um pólitík og stjórnsmál, lýðræði og kosningar.